

Hús án lífs er einskis virði

- Fríkirkjuvegur 11 verður opinn almenningi að loknum endurbótum
- Kostnaður rúmar 400 milljónir kr.

Laufey Rún Ketilsdóttir
laufey@mbl.is

„Fríkirkjuvegur 11 er stórmerkilegt hús sem Thor Jensen byggði á árunum 1907-1908 og þótti gríðarlegt mannvirki á þeim tíma og þykir enn,“ segir Ásgeir Ásgeirsson, arkitekt hjá arkitektastofunni T.ark sem sér um að laga Fríkirkjuveg 11 að nýju hlutverki sínu og glæða það nýju lífi.

Húsið var byggt í ítölskum villustíl og sætir nú miklu endurbótum af hendi eiganda þess, Björgólfs Thors Björgólfssonar, sem ákveðið hefur að koma húsinu aftur í sitt fyrra horf og gefa því nýtt hlutverk sem gerir öllum kleift að sækja húsið heim og kynna sögu þess og lífi.

„Eins og frægur maður sagði eitt sinn er hús án lífs einskis virði. Við viljum opna það almenningi svo að hægt sé að njóta þess,“ segir Ásgeir og líkir þessu við blóm í kassa sem sé einskis manns gaman sé því haldið lokuðu í kassanum.

Minjastofnun friðaði hluta innra byrðis hússins í maí 2015 en ytra byrðið var friðað í maí 1978.

Reiknað er með að kostnaður við endurbæturnar nemi um 400 milljónum í heildina. Hann gæti þó aukist komi í ljós ófyrirséðar hindranir þegar vinna hefst innandyrna. Telur Ásgeir að ef hús sem þetta yrði byggt frá grunni á verðlagi dagsins í dag myndi það kosta a.m.k. 700 milljónir króna.

Fundahöld, veislur og safn

Áætlað er að framkvæmdum utan-húss ljúki í haust og áætlað er að opna húsið um mitt næsta ár.

„Húsið verður opið almenningi í þeim skilningi að fólki verður gert kleift að nýta aðstöðuna til veislna, fundahalda eða annars sem upp kemur,“ segir Ásgeir. Ekki sé búið að fá endanlegt leyfi fyrir þeirri nýtingu en ferlið sé hafið.

Verið er að kanna hvort í kjallara hússins verði safn helgað Thor Jensen. Einnig verður þar að finna sal, nýja salernisaðstöðu og þjónustueldhús ásamt því að aðgengi hreyfihamlaðra verður tryggt.

Efst hæðin verður síðan lokuð af og gerð upp sem íbúðarhúsnæði, hvers nýting er enn óljós.

Húsið hefur gegnt ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina og lengst af var Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkur með starfsemi í húsinu. Einnig hafa Rannsóknarlögreglan, Góðtemplarar og fleiri hafst við í hús-

inu. „Það mætti segja að það hafi verið lán hússins að það hafi verið í eigu fyrri eigenda sinna, þar sem ríki og borg höfðu í gegnum árin ekki mikil ráð á breytingum og viðhaldi. Það hefur að öllum líkindum bjargað því og haldið upprunalegu mynd þess,“ segir Ásgeir.

Spurður hvort hlutverk Fríkirkjuvegur verði á endanum svipað því sem Höfði gegnir í dag segir Ásgeir svo ekki vera. „Þar eru bara borgarstjóri og forseti borgarstjórnar sem mega ráðstafa því húsnæði og halda þar veislur. Hér mættum ég, þú og hver sem er halda viðburði.“

Handmálaður veggdúkur

Í æviminningum sínum lýsir Thor því að hann hafi haft mikinn áhuga á húsmíði og hafi því lesið sér mikið til um húsagerðarlist. Við byggingu Fríkirkjuvegur fékk hann færasta húsmíði Reykjavíkur á þeim tíma til að smíða húsið. Að innverðu sá Engilbert Gíslason málarari um skrautmálun, en veggir hússins, í miðgangi þess og á efri hæð, eru þaktir dúk sem málaður var í líkingu við marmara. „Þetta var vinsælt á sínum tíma en verulega mikið handverk. Marmarinn var dýr og því höfðu ekki margir efni á slíku,“ segir Ásgeir. Veggdúkarnir eru friðaðir en verða endurgerðir í upprunalegri mynd með aðstoð belgísku sérfræðings, þar sem þeir hafa látið á sjá í gegnum tíðina.

Áður óþekkt framsækni

Thor Jensen var mjög framsækin maður og var með þeim fyrstu sem lögðu vatnslögn í hús sitt í Reykjavík. Fyrsta vatnsrennissalarnið innandyrna var einnig að finna á Fríkirkjuveginum og vakti mikla athygli á sínum tíma. Tvö salerni voru til staðar, eitt á hvorri hæð, og stóðu íbúunum átján til boða. Annað salernið hefur verið friðað og verður endurgert í upprunalegri mynd þar sem fyrri starfsemi hússins færði það til nútímalegra horfs.

Fimmtán herbergi eru í húsinu, en af þeim eru nú á efri hæðinni. Á fyrstu hæðinni er aðalstofan, sem er íbúðarmesta rými hússins og ljóst að ekki hefur verið til sparað við klæðningar og annað sýnilegt. Á sömu hæð má einnig finna skrifstofu Thors og konu hans sem liggja saman, en það var sjaldséð á þessum tíma. „Hann hafði orð á því að hún væri hans helsti ráðgjafi og því vildi hann ávallt hafa hana við hlið sér,“ segir Ásgeir að lokum.



Morgunblaðið/Kristinn

Falið Fölsk framhlið hylur Fríkirkjuveginn en unnið er ötullega að endurbótum ytra byrðis hússins handan dúksins




Handmálað Ásgeir Ásgeirsson arkitekt fer yfir smáatriði þeirrar vegg-málningar sem prýðir flesta veggir hússins og Engilbert Gíslason málaði.



Fint Aðalstofa Fríkirkjuvegur 11 er íbúðarmikil og skartar tilkomumiklu loftskrauti. Verður hún máluð í upprunalegum litum eftir greiningu.

STIGINN Á FRÍKIRKJUVEGI



Stiginn Órjúfanlegur hluti menningarverðmætanna, segir Ásgeir.

Settur í geymslu

„Stiginn verður tekinn niður í bútum og geymdur uppi á hálofti hússins,“ segir Ásgeir en þannig verði hann varðveittur og tilbúinn til uppsetningar að nýju. Nýr stigi, eftirmynd þess sem fyrir er, verður svo lagður frá fyrstu hæð niður í kjallara hússins.

„Samkomulagið við Minjastofnun felur einnig í sér þinglýsta kvöð á húsinu, þannig að ef núverandi eigandi hyggst selja húsið ber honum að setja stigann upp aftur í upprunalegri mynd.“